

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1681 frá 1. ágúst 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 um evrópskar hagskýrslur um ferðamál að því er varðar skilafresti og aðlögun á I. og II. viðauka ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 7c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1681**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1681 frá 1. ágúst 2019 (Stjtið. ESB L 258, 9.10.2019, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1681, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 258, 9.10.2019, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING